

Menntaskólinn á Akureyri

ÍSL 522 Yndislestur
Haustönn 2012
Undanfari ÍSL 403

Kennarar: Gunnhildur Ottósdóttir gott@ma.is, Sigríður Steinbjörnsdóttir sst@ma.is, Sverrir Páll Erlendsson svp@ma.is

Áfangalýsing

Þessi áfangi byggist á sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda og skipulagshæfni þeirra. Þeir velja sér hver um sig 5 skáldsögur af bókalista, lesa þær sjálfstætt á tilteknum tíma og gera kennara grein fyrir þeim í einkaviðtölum. Þeir þurfa að undirbúa viðtalstímana og vera tilbúnir að svara fyrirspurnum um sögunar.

Markmið

Nemandinn þjálfist í lestri bóka og geti fjallað um þær í viðtali við kennara, gert munnlega grein fyrir efni þeirra og innihaldi, gægst undir yfirborð þeirra og túlkað innri merkingu.

Námsmat

Nemendur hitta kennara sinn fimm sinnum á önninni, *hafa bók sína meðferðis* og gera grein fyrir lestri sínum. Þetta eru munnleg próf sem nemendur þurfa að standast til að áfanginn verði metinn. Nemendur skila einnig skriflegri skýrslu fyrir hverja bók (eyðublað verður sett á Moodle). Hún þarf að berast kennaraa.m.k. *degi fyrir* viðtalið. Ekkert lokapróf er í áfanganum en hver bók (umfjöllun og skýrsla) gildir 20% af heildareinkunn.

Námskröfur

- Nemandi mætir í viðtöl á umsömdum tíma með þá bók sem fjalla skal um. Hann skal einnig vera búinn að skila skýrslu degi fyrr. Vanhöld á því lækka einkunn.
- Nemandi verður að sýna viðunandi árangur í umfjöllun sérhverrar sögu.
- Sé nemandinn veikur eða forfallaður á viðtalstíma þarf hann að skila vottorði. Að öðrum kosti telst viðtalið ónýtt.
- Þurfi nemandi af öðrum sökum að fá frest á viðtali þarf að hafa samband við kennara með *a.m.k. 2 sólarhringa* fyrirvara.
- **Nemendur velja bækurnar fyrirfram og senda kennara sínum tölvupóst um það með þeim fyrirvara sem hver og einn kennari ákveður**
- Dagsetningar á viðtölum verða ákveðnar af kennara og nemendur látnir vita í tölvupósti.

Sögurnar

Hver kennari setur fram bókalista sem nemendur velja af og setur reglur þar um.

Með bestu kveðju Gunnhildur, Sigríður og Sverrir Páll